

**Ed.**

**833. Breytingartillaga**

við frv. til l. um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða eða taka að sér greiðslu á lánum, allt að  $\frac{1}{4}$  stofnkostnaðar, er tekin hafa verið til að reisa frystihús samvinnufélaga eða sýslufélaga, enda sé aðalhlutverk þeirra að frysta kjöt til útflutnings.

Sama gildir og um lán, sem hvila á Sláturfélagi Suðurlands vegna stofnkostnaðar við niðursuðuverksmiðju þess.